

Formaður menntamálanefndar alþingis
Sigríður A. Þórðardóttir
Alþingi
150 Reykjavík

Alþingi

Erindi nr. Þ 115 1627

komudagur 9 13 1992

UMSÖGN BHMR UM FRUMVARP TIL LAGA UM LÁNASJÓÐ ÍSLENSKRA NÁMSMANNA

BHMR barst bréf yðar dagsett 14. febrúar sl. með ósk menntamálanefndar alþingis um umsögn BHMR um frumvarp til laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

Lánasjóður íslenskra námsmanna, eins og hann hefur starfað undanfarið á grundvelli laga nr. 72/1982, gegnir lykilhlutverki í skólakerfinu og hefur ráðið úrslitum um almennan og tilförlulega jafnan aðgang ungs fólks til framhaldsnáms. BHMR lítur þess vegna á löggjöfina um LÍN sem mikið hagsmunamál háskólamanna.

Fjárhagsvandi LÍN

Astæða þess að menntamálaráðherra leggur nú fram nýtt frumvarp um LÍN er fjárhagsvandi sjóðsins. Yfirlýstur tilgangur frumvarpsins er að leysa þennan vanda. Fjárhagsvandinn byggist einkum á tvennu: Annars vegar hefur sjóðurinn ekki fengið um árabíl það framlag ríkisins sem honum var heitið og hefur LÍN þar af leiðandi lent í dýrri lánsfjármögnun. Hins vegar veldur tilförlulega dræm endurgreiðsla lána vandanum, sem aftur byggist ekki síst á því að stór hluti lántakenda eru illa launaðir starfsmenn í þjónustu ríkisins. Vandinn er þó ekki stærri en svo að 85% lána skila sér. Ef ríkið hefði annars vegar staðið við fyrirheit sín um framlög til LÍN og hins vegar staðið við kjarasamninga sína við háskólamenntaða ríkisstarfsmenn (BHMR-samningana) hefði sennilega mátt komast hjá fjárhagsvanda LÍN.

Lýsingin á fjárhagsstöðu LÍN í frumvarpinu gefur til kynna að gera eigi hliðstæðar arðsemiskröfur til Lánasjóðs íslenskra námsmanna og annarra lánastofnana. Það sýnist vera mikil skammsýni að halda að koma megi þannig yfir á fátæka námsmenn og illa launaða opinbera starfsmenn fjármögnuninni af LÍN. Þá verða stjórnvöld einnig að hafa í huga að LÍN var meðal fyrstu lánasjóða til að taka upp verðtryggð lán. "Fortíðarvandi" LÍN er því mun minni en annarra lánasjóða.

Einnig verður að skoða hitt að með lánveitingum LÍN gefst íslenskum námsmönnum kostur á að sækja nám til skólastofnana í Reykjavík og erlendis sem losar þjóðfélagið undan dýrum fjárfestingum í skólakerfinu. Fyrir tilstuðlan LÍN hefur þannig reynst unnt að koma á miklum þjóðhagslegum ávinningi og ljóst að ekki er hægt að ætla námsmönnum að bera einir byrðar af óhagræðinu sem því fylgir.

Nýmæli frumvarpsins

Helstu nýmæli frumvarpsins eru þessi:

1. Sett er skilyrði um lágmarksaldur, 20 ár, þeirra sem fá lán úr sjóðnum (2. gr.). Þetta fækkar til muna þeim sem eiga rétt til lána á framhalds- og sérskólastigi. Þessi breyting kemur sjálfsagt harðast niður á námsmönnum úr dreifbýli og þeim sem ætla að stunda iðnnám. BHMR getur ekki séð réttlætingu á þessari lagabreytingu.
2. Í gildandi lögum eru ákvæði um grundvöll námsaðstoðar LÍN. Nú er gert ráð fyrir að stjórn LÍN setji sér starfsreglur um það efni (3. gr.). Þetta þýðir í reynd að sjóðsstjórn hefur í hendi sér hvort hún tekur tillit til fjölskyldu- aðstæðna námsmanns o.þ.h. Slík ákvörðun er samfélagslega mikilvæg og ætti að vera alþingis en ekki eftirlátin starfsstjórn LÍN. BHMR er þeirrar skoðunar að taka beri tillit til aðstæðna námsmanna, s.s. fjölskyldu- og búsetuaðstæðna.
3. Lán verða bundin við námsárangur allan námstímann en áður miðaðist þetta aðeins við fyrsta árs nema (6. gr.). BHMR telur mikilvægt að gefa námsárangri gaum en það sýnist vera mikið harðræði að greiða námsmönnum aldrei út lán fyrr en þeir hafa sýnt tiltekinn námsárangur, sem

- pýðir að námsmenn eru alltaf með ár undir í lausafjármögnun. Sérstaklega kemur þetta hart niður á þeim sem eru að hefja nám, fyrsta árs nemum. Í raun pýðir þetta að lánsfjármögnuninni er velt í ríkari mæli yfir á námsmennina sjálfa sem bæði kostar þá meira fé og álag. Þekkt er að slíkt hefur jafnan neikvæð áhrif á námsárangur.
4. Skammtímalán (vixillán) LÍN verða afnumin (7. gr.). Þeirra í stað verða boðin lán á almennum markaðskjörum (12. gr.). Það hangir saman við síðasttalda skerðingu að afnema vixillánin sem veitt hafa verið í upphafi náms. Þessi lán hafa oft fleytt námsmönnum af stað í farsælu námi. BHMR telur þetta ranga stefnu. Og BHMR telur það ekki vera í verkahring LÍN að stunda almenna bankastarfsemi.
 5. Námsstyrkir LÍN verða afnumdir (12. gr.) og því hlutverki vísað á Vísindasjóð. Ekki er úr háum söðli að falla í þessum efnum hjá LÍN en vissulega hefur þó munað um styrki sjóðsins. Það er hins vegar einkennilegt að vísa málinu á Vísindasjóð sem á fullt í fangi með verkefni sín í dag. Verður varla dregin önnur ályktun en sú að annað tveggja eigi að afnema algerlega opinbera styrki til námsmanna eða farga þeim vísi að vísindastarfsemi sem stunduð er fyrir opinbert fé á Íslandi.
 6. Námslán verði látin bera 3% vexti auk verðtryggingar en þau eru nú verðtryggð (9. gr.). Frumvarpið felur í sér miklar breytingar á endurgreiðslu námslána sem allt miðar að því að auka endurgreiðslurnar og tekjur LÍN. 3% raunvextir munu þyngja endurgreiðsluna talsvert enda þó lánin séu enn hagstæðari en velflest önnur opinber lánaþyrirgreiðsla. Sé litið til þess að námsmenn eru í raun að bera hluta af samfélagsfjárfestingunni í menntun og þekkingaröflun verður ekki séð að þessi breyting eigi rétt á sér nema að á móti stórfelld hækkun launa menntamanna.
 7. Lántökugjald verður tekið upp til að standa undir rekstri sjóðsins (6. gr.). Lántökugjald er í raun ekkert annað en sérstakir vextir fyrir greiðandann og gildir það sama um þetta gjald og það sem áður hefur verið sagt um vextina.
 8. Endurgreiðsla námslána á að hefjast fyrir. Hún hefst nú eftir 3 ár frá því að námi lýkur en skal hefjast eftir 1 ár frá námslokum (7. gr.). Þetta pýðir að námsmenn fá ekkert hlé að námi loknu eins og nú er á meðan þeir eru að leita sér atvinnu, finna húsnæði o.s.frv. Þessi flýting pýðir að kjör þeirra strax að námi loknu verða krappari en ella.
 9. Lánstími verður stytur. Hann er nú 40 ár en verður fjórfaldur eðlilegur námstími í námsgreininni (7. gr.). Stytting lánstíma getur orðið veruleg af þessum sökum og það pýðir hraðari endurgreiðsla og minni samfélagsaðstoð til viðkomandi námsmanns. Í rauninni pýðir þetta þak á lánstíma og svo tekjutenging endurgreiðslunnar að tekjuhæsti hópurinn greiðir í flestum tilfellum hlutfallslega minna af tekjum sínum í nýja kerfinu.

Álit BHMR


Nýmæli frumvarpsins miða annars vegar að því að draga úr námsaðstoð að LÍN og hins vegar að þyngja endurgreiðslu af lánunum.

Ljóst er að ákvæðin um lágmarksaldur fækkar til muna þeim sem eiga rétt til lána á framhalds- og sérskólastigi og kemur harðast niður á námsmönnum úr dreifbýli og þeim sem ætla að stunda iðnnám. Og sýnilega er stefnt að skertum rétti til námsaðstoðar vegna fjölskyldu- og búsetuáðstæðna námsmanna. Skarpari tenging námsaðstoðar við námsárangur, afnám vixillána og afnám námsstyrkja LÍN munu einnig draga úr námsaðstoð LÍN.

Endurgreiðslur til LÍN verða þyngdar og hertar með 3% vöxtum, lántökugjaldi, styttingu lána og flýtingu á upphafi endurgreiðslna.

BHMR telur að þessar aðgerðir séu tímaskekkja sem byggja á röngum forsendum um orsakir vanda LÍN og skilningsleysi á pýðingu menntunar fyrir íslenskt framleiðslukerfi og íslenska menningu.

F.h. BHMR
Reykjavík, 3. mars 1992


Páll Halldórsson, formaður